

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2318/2003/EB

2006/EES/58/46

frá 5. desember 2003

**um samþykkt áætlunar til margra ára (2004 til 2006) um skilvirka samþættingu upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu (áætlun um rafrænt nám) (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 149. gr. og 4. mgr. 150. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með mennta- og starfsmenntaáætlunum Sókrates og Leonardo da Vinci, sem komið var á fót með ákvörðunum nr. 253/2000/EB <sup>(4)</sup> og 1999/382/EB <sup>(5)</sup>, er að þróa opið nám og fjarnám og stuðla að notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.
- 2) Í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Lissabon 23. og 24. mars 2000 (leiðtogaráðið í Lissabon), var lögð áhersla á nauðsyn þess að laga mennta- og starfsmenntakerfi í Evrópu að þörfum þekkingarhagkerfisins og því lýst yfir að stuðla beri að nýrri undirstöðufærni, einkum á sviði upplýsingatækni sem er einn af þremur meginþáttum þessarar nýju stefnu.
- 3) Í maí 2000 hleypti framkvæmdastjórnin af stokkunum framtaksverkefninu „rafrænt nám: skipulagning á námsmöguleikum framtíðarinnar“, að áeggjan fundar leiðtogaráðsins í Lissabon, sem var síðan samþykkt á fundi leiðtogaráðsins í Feira í júní 2000. Á fundi sínum í Stokkhólmi í mars 2001 vakti leiðtogaráðið athygli á því að framtaksverkefnið hefði skilað góðum árangri.

- 4) Í kjölfar „aðgerðaáætlunarinnar um rafrænt nám“ voru þróaðar fjórar aðgerðalínur framtaksverkefnisins um rafrænt nám (grunnvirki og búnaður, menntun og þjálfun, evrópskt gæðafeni og -þjónusta ásamt samvinnu á öllum stigum) í 10 fylkilaðgerðum til að sameina ýmsar áætlanir og lagagerninga Bandalagsins í því skyni að auka samfellu og samvirkni á milli þeirra og greiða fyrir aðgangi notenda að þeim.

- 5) Hinn 15. maí 2001 samþykkti Evrópuþingið ályktun <sup>(6)</sup> um báðar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar og viðurkenndi þar með að framtaksverkefnið rafrænt nám styrkti hugmyndina um „sameiginlegan evrópskan menntunarvettvang“ til viðbótar við evrópskt rannsóknarsvæði og innri markað í Evrópu og hvatti til þess að það yrði þróað á sjálfstæðan hátt, undir nýrri séráætlun með skýrum lagagrundvelli til að koma í veg fyrir tvítekingu fyrirbyggjandi áætlana og til að gera aðgerðir Bandalagsins sýnilegri og auka gildi þeirra.

- 6) Í ályktun ráðsins frá 13. júlí 2001 um rafrænt nám <sup>(7)</sup> er þetta framtaksverkefni samþykkt og er framkvæmdastjórnin hvött til að halda starfi sínu áfram og efla aðgerðir sínar á þessu sviði.

- 7) Hinn 21. nóvember 2001 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendinguna „myndun evrópsks símenntunarsvæðis“ þar sem fjallað er um þá möguleika rafræns náms að skapa og stýra nýjum menntunartækifærum í þessu skyni.

- 8) Í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Barcelona í mars 2002, var hvatt til aðgerðar sem stuðlar að samvinnu milli evrópskra skóla og var niðurstöðunum fylgt eftir með skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um netsamstarf milli skóla sem lögð var fyrir fund leiðtogaráðsins í Sevilla ásamt tölvu- og netökuskírteini fyrir framhaldsskólanema.

- 9) Nauðsynlegt er að fjalla um vandamál félagslegrar útskúfunar sem stafar af vanhæfni sumra einstaklinga til að nýta sér til fulls þá möguleika sem upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netið bjóða upp á í þekkingarsamfélaginu, vandamál sem tengist þeim mismun sem skapast á milli þeirra sem hafa aðgang að upplýsingatækni og hinna sem ekki hafa hann (digital divide) sem bitnar oft á ungu, fötluðu og öldruðu fólki og félagslegum hópum sem þegar eru farnarlömb annarrar tegundar félagslegrar útskúfunar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 26.8.2004, bls. 167.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 133, 6.6.2003, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 244, 10.10.2003, bls. 42.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 8. apríl 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. júní 2003 (Stjtið. ESB C 233 E, 30.9.2003, bls. 24) og afstaða Evrópuþingsins frá 21. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði menntamála—Sókrates (Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1). Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 451/2003/EB (Stjtið. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 6).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins 1999/382/EB frá 26. apríl 1999 um að koma á fót öðrum áfanga aðgerðaáætlunar Bandalagsins um starfsmenntun „Leonardo da Vinci“ (Stjtið. EB L 146, 11.6.1999, bls. 33).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB C 34 E, 7.2.2002, bls. 153.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB C 204, 20.7.2001, bls. 3.

- 10) Huga skal sérstaklega að menntun og starfsþjálfun kennara til að tryggja að þeir geti nýtt sér Netíð og upplýsinga- og fjarskiptatækni í skólastofunni á gagnrýnninn og menntafræðilega ábyrgan hátt.
- 11) Huga ber að muni kynjanna varðandi sókn í rafrænt nám og stuðla að jöfnun tækifæra kynjanna á þessu sviði.
- 12) Í krafti rafræns náms er unnt að aðstoða Evrópusambandið til að bregðast við áskorunum þekkingarsamfélagsins til að auka gæði náms, auðvelda aðgang að þekkingarbrunnum, huga að sérþörfum, skipuleggja skilvirkara og öflugara nám og færa nám inn á vinnustaði, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- 13) Í Bologna-yfirlýsingunni, sem 29 evrópskir menntamálaráðherrar undirrituðu 19. júní 1999, var staðfest þörf á að innleiða Evrópuviðd í æðri menntun ásamt mikilvægi þess að þróa rafræna námsviðd í þessu samhengi.
- 14) Evrópusambandinu ber að leggja áherslu á að skapa með skilvirkum hætti sýndarháskóla til viðbótar við starfsemi áætlana sem byggjast á hreyfanleika námsmanna innan Evrópusambandsins og milli landa í Evrópusambandinu og þriðju landa.
- 15) Nauðsynlegt er að styrkja og bæta við gildandi gerninga og einnig að huga að hlutverki rafræns náms í tengslum við undirbúning gerninga af nýrri kynlód á sviði menntunar og þjálfunar.
- 16) Í því skyni að auka ávinning af aðgerðum Bandalagsins er nauðsynlegt að tryggja að aðgerðir, sem eru framkvæmdar innan ramma þessarar ákvörðunar, séu í réttu samhengi við og komi til fyllingar öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins, einkum forgangspemasviði um tækni í upplýsingasamfélagi í sjöttu rammaáætlun á sviði rannsókna sem komið var á fót með ákvörðun nr. 1513/2002/EB <sup>(1)</sup>.
- 17) Umsækjendur um aðild að Evrópusambandinu og EES-/EFTA-rikin skulu geta tekið þátt í áætluninni um rafrænt nám. Sérfræðingar og menntastofnanir í öðrum þriðju löndum skulu geta miðlað reynslu sinni innan ramma fyrirbyggjandi samstarfs við þessi þriðju lönd.
- 18) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna saman að því að láta fara fram reglubundið eftirlit og mat á áætluninni um rafrænt nám til þess að unnt sé að gera breytingar, einkum á forgangssviðum hennar er varða framkvæmd ráðstafanna. Matið skal ná yfir utanaðkomandi mat sem er unnið af sjálfstæðum, óhlutdrægum aðilum.
- 19) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð nægilega vel þeim markmiðum sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að stuðla að samvinnu í Evrópu í því skyni að auka gæði og aðgang að menntun og þjálfun með því að nota rafrænt nám með skilvirkum hætti, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa viðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.
- 20) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin um rafrænt nám varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(2)</sup>.
- 21) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(3)</sup>.

#### HAFI ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

*l. gr.*

#### Áætluninni komið á fót

- Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun um rafrænt nám sem er áætlun til margra ára og er henni ætlað að auka gæði og aðgang að mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu með því að nýta á skilvirkan hátt upplýsinga- og fjarskiptatækni, hér á eftir nefnd „áætlunin“.
- Þessi áætlun skal koma til framkvæmda á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2006.

<sup>(1)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/2002/EB frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) (Stjtið. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningur eins og honum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/429/EB (Stjtið. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

## 2. gr.

**Markmið áætlunarinnar**

1. Heildarmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að og þróa áfram skilvirka notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni í evrópskum mennta- og starfsmenntakerfum til að auka gæði menntunar og laga meginþætti hennar að þörfum þekkingarsamfélagsins í tengslum við símenntun.
2. Sérstök markmið áætlunarinnar eru:
  - a) að bera kennsl á og upplýsa viðkomandi aðila um leiðir og búnað til að nota rafrænt nám í því skyni að auka stafrænt læsi og þar með að styrkja félagslega samheldni, þroska einstaklinga og ýta undir þvermenningarlega umræðu,
  - b) að nýta möguleika rafræns náms til að efla Evrópuviðdina í menntun,
  - c) að láta í té kerfi til að stuðla að því að þróa evrópskt gæðaeftirlit og þjónustu og miðla og yfirfæra góðar starfsvenjur,
  - d) að nýta möguleika rafræns náms í tengslum við nýjungar í kennsluáðferðum í því skyni að auka gæði lærdómsferlisins og efla sjálfræði nemenda.

## 3. gr.

**Umfang áætlunarinnar**

1. Framfylgja skal markmiðum áætlunarinnar á eftirfarandi sviðum í samræmi við aðgerðalínurnar sem er lýst í viðaukanum:
  - a) efling stafræns læsis:
 

aðgerðir á þessu sviði skulu beinast að framlagi upplýsinga- og fjarskiptatækni til skóla og í viðari skilningi til símenntunar almennt, einkum að því er varðar þá sem hafa ekki aðgang að þessari tækni vegna landfræðilegrar staðsetningar sinnar, félagslegrar stöðu eða tiltekinna sérþarfa. Markmiðið er að tilgreina heppileg dæmi og skapa samvirkni milli margs konar innlendrar og evrópskrar starfsemi þar sem fjallað er um þessa markhópa,
  - b) evrópskir sýndarháskólar:
 

aðgerðir á þessu sviði munu stuðla að betri samþættingu sýndarviddar í æðri menntun. Markmiðið er að hvetja til þess að þróuð verði ný skipulagslíkön til að bjóða upp á æðri menntun í Evrópu (sýndarháskóla) og skipti á og samnýtingu evrópskra kerfa (sýndarhreyfanleika), þar sem byggt er á fyrirbyggjandi ramma Evrópusamstarfs (Erasmus-áætlunin, Bolognaferlið), og innleiða rafræna námsvídd í stjórntæki þeirra (evrópskt viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar

(ECTS), evrópskt meistaranám, gæðatrygging, hreyfanleiki),

- c) netsamstarf milli skóla í Evrópu ásamt eflingu menntunar kennara:

aðgerðir á þessu sviði munu stuðla að og þróa enn frekar netsamstarf milli skóla til að gera öllum skólum í Evrópu kleift að stofna til kennslufræðilegs samstarfs við skóla annars staðar í Evrópu, að stuðla að nýstárlegum samstarfsaðferðum, yfirfæra gæðastefnur á sviði menntunar og styrkja tungumálanám og þvermenningarlega umræðu. Aðgerðir á þessu sviði munu einnig beinast að faglegri endurmenntun kennara og leiðsagnarkennara að því er varðar notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni við kennslu og í samstarfi sín á milli með því að skiptast á og miðla góðum starfsvenjum og koma á fót fjölbjóðlegum og þverfaglegum samstarfsverkefnum,

- d) heildaraðgerðir:

aðgerðir á þessu sviði beinast að því að stuðla að rafrænu námi í Evrópu á grundvelli eftirlits með aðgerðaáætlun um rafrænt nám. Markmiðin eru að miðla, efla og yfirfæra heppilegar og nýstárlegar aðferðir og niðurstöður verkefnanna og áætlananna og styrkja samstarf á milli ýmissa hlutaðeigandi aðila, einkum með því að hlúa að samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila.

2. Þessum aðgerðum skal hrint í framkvæmd í samræmi við málsmeðferðina í viðaukanum og með því að nota eftirfarandi leiðir sem heimilt er að sameina eftir því sem við á:

- a) að stuðla að því að unnin verði tilraunaverkefni sem geta mögulega haft stefnumótandi áhrif á menntunar- og þjálfunaraðferðir og skýrt framtíðarhorfur að því er varðar sjálfbærni til langs tíma,
- b) að stuðla að því að þróaðar verði aðferðir, tæki og venjur og að greiningu á því hver þróunin verður í hönnun og notkun líkana um rafrænt nám í menntun og þjálfun,
- c) að stuðla að nýstárlegum aðgerðum af hálfu Evrópuneta og samstarfi sem hafa það að markmiði að auka nýsköpun og gæði í hönnun og notkun vara og þjónustu sem byggist á tilskilinni notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni í menntun og þjálfun,
- d) að stuðla að myndun Evrópuneta og samstarfsverkefna sem efla og styrkja kennslufræðileg og menntafræðileg not Netsins og upplýsinga- og fjarskiptatækni og miðlun góðra starfsvenja. Þessar aðgerðir eru hannaðar til þess að tryggja að kennarar og nemendur búi ekki einungis yfir tæknikunnáttu til að nota Netið og upplýsinga- og fjarskiptatækni heldur einnig þáttum sem tengjast kennslufræði, gagnrýni og ábyrgð,

- e) að stuðla að evrópski samvinnu, yfirfærslu vara sem tengjast rafrænu námi ásamt því að miðla og skiptast á góðum starfsvenjum,
- f) að stuðla að aðstoð sem varðar tækni og stjórnun.

4. gr.

#### Framkvæmd áætlunarinnar og samvinna við aðildarríkin

1. Framkvæmdastjórnin skal:
  - a) tryggja að aðgerðir Bandalagsins, sem falla undir áætlunina, komi til framkvæmda í samræmi við viðaukann,
  - b) tryggja samvirkni við aðrar áætlanir Bandalagsins og aðgerðir á sviði menntunar, rannsókna, félagsmálafestnu og byggðaðróunar,
  - c) hlúa að og greiða fyrir samvinnu við alþjóðastofnanir þar sem þróaðar eru aðgerðir á sviði rafræns náms.
2. Aðildarríkin skulu tilgreina viðeigandi tengiliði sem skulu starfa náð með framkvæmdastjórninni með hliðsjón af viðeigandi upplýsingum um notkun rafræns náms og starfsvenjur þar að lútandi.

5. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við málsmeðferð varðandi stjórnun sem um getur í 2. mgr. 6. gr.:
  - a) árlega starfsáætlun, þ.m.t. forgangsröðun og viðmiðanir og málsmeðferð við val og niðurstöður,
  - b) árlega fjárveitingu og skiptingu fjár milli hinna ýmsu aðgerða sem áætlunin tekur til, í samræmi við 9. og 10. gr.,
  - c) ráðstafanir um eftirlit og mat á áætluninni og um miðlun og yfirfærslu niðurstaðna.
2. Samþykkja skal allar aðrar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, í samræmi við málsmeðferð varðandi stjórnun sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

6. gr.

#### Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

#### Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja fullt samræmi og fyllingu við önnur viðkomandi stefnumið, gerninga og aðgerðir Bandalagsins, einkum mennta- og starfsmenntakerfin Sókrates og Leonardo da Vinci og æskulýðsáætlunina.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja skilvirka tengingu og, eftir því sem við á, samræmdar aðgerðir milli þessarar áætlunar og áætlana og aðgerða að því er varðar nýja tækni á sviði menntunar og þjálfunar, einkum þar sem viðeigandi aðgerðir á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna falla undir sjöttu rammaáætlunina.

8. gr.

#### Fjármögnun

1. Fjárhagsramminn til að hringa þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 1. gr., er 44 milljónir evra.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

9. gr.

#### Dreifing fjármagns

Dreifing fjármagns milli aðgerðanna skal vera sem hér segir:

- a) rafrænt nám til að efla stafrænt læsi: um 10% af heildarfjárhagsáætluninni,
- b) evrópskir sýndarháskólar: um 30% af heildarfjárhagsáætluninni,
- c) rafrænt samstarf á milli skóla í Evrópu ásamt eflingu menntunar kennara: um 45% af heildarfjárhagsáætluninni,
- d) heildaraðgerðir og eftirlit með aðgerðaáætlun um rafrænt nám: að hámarki 7,5% af heildarfjárhagsáætluninni,
- e) aðstoð sem varðar tækni og stjórnun: að hámarki 7,5% af heildarfjárhagsáætluninni.

10. gr.

### **Þátttaka umsækjenda um aðild að Evrópusambandinu og EES-/EFTA-ríkjanna**

Ákvarða skal skilyrði og nákvæmar reglur fyrir þátttöku umsækjenda um aðild að Evrópusambandinu og EES-/EFTA-ríkjanna í áætluninni, í samræmi við viðeigandi ákvæði gerninganna sem ákvarða samskipti Bandalagsins við þessi lönd.

11. gr.

### **Samvinna við þriðju lönd**

Framkvæmdastjórnin getur að eigin frumkvæði boðið sérfræðingum frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem um getur í 10. gr., að taka þátt í ráðstefnum og fundum að undanskildum fundum nefndarinnar sem um getur í 6. gr.

Styrkjum, sem er úthlutað til að standa straum af ferða- og dvalarkostnaði samkvæmt gildandi reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar, skulu ekki nema meira en 0,5% af heildarfjárhagsáætlun áætlunarinnar.

12. gr.

### **Eftirlit og mat**

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið eftirlit með þessari áætlun í samstarfi við aðildarríkin. Eftirlitið skal taka til skýrslanna sem um getur í 2. mgr. og til sérstakrar starfsemi.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að áætlunin verði metin af utanaðkomandi aðilum þegar henni er lokið. Í þessu mati er ætlunin að áætla mikilvægi, árangur og áhrif mismunandi aðgerða og það skal einnig ná til áhrifa áætlunarinnar í heild. Sérstaklega skal huga að þáttum sem varða félagslega samheldni og jöfnun tækifæra.

Í matinu skal einnig kannað hvort aðgerðir samkvæmt áætluninni og aðgerðir samkvæmt öðrum viðkomandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Bandalagsins komi til fyllingar hver annarri.

Framkvæmdastjórnin skal leggja lokaskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndina eigi síðar en við lok 2007.

13. gr.

### **Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. LUNARDI

*forseti.*

## VIÐAUKI

## 1. AÐGERÐALÍNUR

Aðgerðalínur eru úrræði til að koma almennum markmiðum áætlunarinnar í framkvæmd: að stuðla að þróun og viðeigandi notkun rafræns náms í Evrópu til viðbótar við framlag aðildarríkjanna á þessu sviði. Þær eru byggðar upp í samræmi við fjögur svið áætlunarinnar.

Aðgerðalína 1: „Efling stafræns læsis“

Aðgerð á þessu sviði skal taka bæði til hugmyndafræðilegra og hagnýtra þátta þar sem m.a. verður lögð áhersla á að tileinka sér stafrænt læsi og að ákvarða séraðgerðir til úrbóta fyrir tiltekna markhópa. Stafrænt læsi er grundvöllur þeirrar færni og hæfni sem þarf til að geta tekið virkan þátt í þekkingarsamfélaginu og hinu nýja fjölmiðlunarsamfélagi. Stafrænt læsi varðar einnig fjölmiðlunar læsi og félagslega hæfni sem sameiginlega hafa það að markmiði að efla borgarana og ábyrgja notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

- a) Að bera kennsl á og miðla góðum starfsvenjum við að efla stafrænt læsi. Einkum verður lögð áhersla á að bæta aðgang að námsgögnum fyrir þá sem hafa ekki greiðan aðgang að upplýsinga- og fjarskiptatækni, að fjalla um ólíkar, skilvitlegar og kennslufræðilegar stefnur og mismunandi námsaðferðir, að huga að sérþörfum, t.d. innflytjenda, barna á sjúkrahúsum eða fatlaðra notenda og að kanna leiðir sem miða að því að virkja og hvetja til frumkvæðis.
- b) Aðgerðir sem miða að því að efla vitund almennings með því að nýta Evrópunet á þessu sviði. Áætlunin mun stuðla að aðgerðum sem eru framkvæmdar fyrir tilstuðlan Evrópuneta, samtaka, samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila o.s.frv. Einnig mun hún styðja við tengiliði og miðlun góðra starfsvenja milli þeirra.

Aðgerðalína 2: „Evrópskir sýndarháskólar“

Þessi aðgerðalína hefur það að markmiði að innleiða rafræna námsvið í evrópsk framtaksverkefni á sviði æðri menntunar og leggja þannig sitt af mörkum til að skapa evrópskan vettvang æðri menntunar.

- a) Þróun fyrirbyggjandi gerninga, einkum þeirra sem varða sýndarhreyfanleika, sem eru viðbót við og styrkja áþreifanlegan hreyfanleika (sýndar-Erasmus); viðurkenningar- og fullgildingarkerfa (sem byggjast á evrópsku viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar (ECTS)), upplýsinga- og leiðbeiningarþjónustu og annars konar samvirkni á milli sýndarlíkana og hefðbundinna líkana. Þessi verkefni skulu byggjast á stofnanasamningum og, þegar völ er á, skal útvíkka eða bæta við fyrirbyggjandi samstarfssamninga innan ramma áætlana Bandalagsins sem byggjast á hreyfanleika.
- b) Fjölbjóðlegir sýndarháskólar. Áætlunin mun stuðla að stefnumótandi verkefnum sem æðri menntarstofnanir a.m.k. þriggja aðildarríkja leggja til. Þróa ber samstarfslíkón fyrir rafrænt nám að því er varðar samningu sameiginlegra námsskráa í nokkrum háskólum, þ.m.t. samningar um mat, fullgildingu og viðurkenningu á áunninni hæfni með hliðsjón af innlendra málsmeðferð; einnig ber að standa fyrir umfangsmiklum tilraunum á sviði sýndarhreyfanleika til viðbótar við áþreifanlegan hreyfanleika og semja nýstárlegar námsskrár sem byggjast bæði á hefðbundnum námsaðferðum og námsaðferðum á Netinu.
- c) Evrópsk líkón fyrir rafrænt nám í tengslum við æðri menntun. Í tengslum við þessi verkefni skulu þróuð ný samstarfslíkón milli æðri menntastofnana í Evrópu, einkum að því er varðar framboð á símenntun og þróun fagmennsku og stuðningsþjónustu við fræðslu ásamt menntun kennara, leiðsagnarkennara og annarra kennslukrafta sem nýta sér rafrænt nám við kennslu; ennfremur er ætlunin að rannsaka aðferðir við gæðatryggingu, auka skilning á skipulagsbreytingum og mögulegri áhættu í tengslum við framkvæmd rafræns náms á sviði æðri menntunar, þróa evrópsk líkón fyrir samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila í tengslum við rafrænt nám á sviði æðri menntunar ásamt því að þróa frekari tækifæri sem opnast með nýjum samstarfsverkefnum og fjármögnunarlíkönum.

Aðgerðalína 3: „Rafrænt samstarf á milli grunnskóla og framhaldsskóla í Evrópu og efling kennaramenntunar“

Markmiðið með þessari aðgerðalínu er að greiða fyrir samstarfi á milli skóla með hjálp Netsins og efla menntun kennara og þar að auki að hvetja skóla í Evrópu til að koma á kennslufræðilegu samstarfi við skóla annars staðar í Evrópu, ásamt því að efla tungumálanám og þvermenningarlega umræðu. Þessi aðgerð varðar grunnskóla og framhaldsskóla.

- a) Lýsing og greining á fyrirbyggjandi framtaksverkefnum. Þessi aðgerð skal hafa það að markmiði að greina fyrirbyggjandi starfsvenjur. Með aðgerðinni er ætlunin að koma auga á heppileg tilraunaverkefni um framlag fjölmiðlunar á sviði menntunar og fjarskiptaneta til að stuðla að samstarfi á milli skóla, einkum að því er varðar verkefni á sviði fjöltyngis og fjölmenningar. Aðgerðin mun miða að því að gerðar verði ferilathuganir, matsefni og matsaðferðir í því augnamiði að aðstoða kennara við að nýta sér möguleika upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir nýstárlegar samstarfsaðferðir, t.d. sýndarkennslustofur, þróun sameiginlegra námsskráa fyrir starfsþjálfun kennara, þverfaglegar aðferðir eða notkun sameiginlegs kennslubúnaðar og –brunna.

- b) Stuðningsnet fyrir rafrænt samstarf milli skóla. Þetta net mun samanstanda af kennurum eða sérmenntuðum uppalendum með reynslu á sviði Evrópusamstarfs. Það mun veita kennslufræðilegan stuðning og leiðbeiningar og láta í té tæki og þjónustu til að leita að samstarfsaðila, aðferðir til að miðla reynslu ásamt leiðagreiði fyrir nettengingu (internet hub) fyrir samstarfsaðgerð sem byggist á fyrirliggjandi vefsetrum.
- c) Stuðningur við samstarfsnet á sviði starfsþjálfunar kennara og annarra kennslukrafta á sviði menntunar. Þessi net munu byggjast á stofnunum sem eru ábyrgar fyrir kennslufræðilegum notum af upplýsinga- og fjarskiptatækni. Þessi net munu leggja sérstaka áherslu á að setja samstarfssvið í forgang eins og greint er frá í tengslum við skýrsluna um markviss framtíðarmarkmið mennta- og starfsmenntakerfa. Sérstök áhersla verður lögð á að skapa hagstæð skilyrði til að nýta möguleika upplýsinga- og fjarskiptatækninnar við undirbúning nýstárlegra samstarfsaðferða, til að skiptast á menntabrunnum og -stefnum og til að þróa námsgögn í sameiningu.
- d) Aðgerðir sem varða kynningu og samskipti. Árangur af framtaksverkefnum ræðst af virkri samskiptaadgerð sem tengist vefsetri og felur m.a. í sér að hanna aðlaðandi, sjónrænt viðmót, gefa út efni, senda út fréttatilkynningar, undirbúa upplýsingarit um skólaverkefni, skipuleggja skólasetningu og skólaslit og fyrirkomulag fyrir samkeppni og verðlaunaafhendingu.

Aðgerðalína 4: „Heildaraðgerðir og eftirlit með aðgerðaáætlun um rafrænt nám“

Þar að auki verða veittir styrkir til heildaraðgerða, t.d.:

- a) til að stuðla að virku eftirliti með aðgerðaáætlun um rafrænt nám. Þessi aðgerð myndi auka samfellu milli aðgerða ESB á sviði rafræns náms og gera þær sýnilegri með því að dreifa gögnum sem máli skipta, m.a. skýrslum og rannsóknnum, fjölmörgum verkefnum sem hafa sameiginleg markmið eða þar sem notuð er svipuð aðferðarfræði; aðgerðin myndi einnig stuðla að miðlun reynslu, netsamstarfi og allri annarri, mögulegri samvirkni innan starfsemi aðgerðaáætlana,
- b) til að viðhalda vefgátt fyrir rafrænt nám sem veitir auðveldan heildaraðgang að starfsemi í Evrópu á sviði rafræns náms og að fyrirliggjandi upplýsingum, skrám, gagnagrunnum eða þekkingargagnasöfnum og að auðvela notendavænan aðgang að áætlunum, verkefnum, skýrslum og vinnuhópum ESB,
- c) til að auka vitund fólks og upplýsingaöflun fyrir tilstuðlan Evrópuneta. Þessari aðgerð er ætlað að stuðla að myndun Evrópuneta á sviði rafræns náms og viðeigandi starfsemi, eins og áherslumiðuðum ráðstefnum, málstofum eða vinnufundum um lykilefni rafræns náms, t.d. gæðatryggingu, og hlúa að evrópskri umræðu og miðlun góðra starfsvenja á þessu sviði,
- d) að hanna og þróa búnað til að hafa eftirlit með, greina og spá fyrir um rafrænt nám í Evrópu í samstarfi við Hagstofu Evrópubandalaganna og Fjárfestingarbanka Evrópu.

Þessi áætlun getur einnig lagt sitt af mörkum til aðgerða sem eru þvertengdar við alþjóðleg verkefni sem varða góða og skilvirka notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir menntun og þjálfun, eins og verkefni sem eru unnin á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Tæknilegar stuðningsaðgerðir

Framkvæmd áætlunarinnar verður einnig studd af aðgerðum sem miða að því að miðla niðurstöðum (t.d. útgefna verka, Nettilvísana og ráðstefna þar sem verkefni og sýningar eru kynntar) og, ef nauðsyn krefur, að yfirfæra stefnumótandi rannsóknir, sem fjalla um ný vandamál eða tækifæri, eða önnur lykilefni sem varða þróun rafræns náms í Evrópu. Þessi áætlun mun einnig stuðla að stöðugu upplýsingaflæði frá notendum og þátttakendum ásamt endanlegu ytra mati þar að lútandi.

## 2. AÐFERÐIR VIÐ FRAMKVÆMD OG REGLUR UM FJÁRHAGSLEGA ÍHLUTUN

Veittir verða styrkir í kjölfar útboða og auglýsinga eftir tillögum.

Aðkeypt þjónusta (t.d. ferilsathuganir eða sérfræðiþjónusta) verður fjármögnuð að fullu og mögulega verða veitt framlög til framkvæmdastofnunar sem til stendur að stofna í framtíðinni.

Áætlunir verða fjármagnaðar:

- með styrkjum sem nema að hámarki 80% af aðstoðarhæfum kostnaði ásamt öðrum greiðslum í opinbera geiranum og einkageiranum fyrir samstarfsverkefni, t.d. nýstárleg skipulagsverkefni (allar aðgerðalínur),
- með styrkjum sem nema að hámarki 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir samstarf um rafrænt nám sem æðri menntastofnanir stýra og miða að því að láta í té rafræna námsvið og ný líkön fyrir æðri menntun í Evrópu (aðgerðalína 2),

- að fullu, t.d. stuðningsskipulag fyrir skólasamstarf, þ.m.t. leiðagreinir fyrir nettengingu, Evrópunet fyrir kennslufræðilega aðstoð í samstarfi við aðildarríki, aðgerðir sem hafa það að markmiði að kynna og miðla efni og allar aðrar nauðsynlegar stuðningsaðgerðir, t.d. endurskoðun núverandi samstarfskerfa eða verkefni til að búa til sérstakan búnað í því skyni að leita að samstarfsaðila. Styrkir á bilinu 50–80% af kostnaði sem tengist kynningar- og miðlunaraðgerðum sem aðildarríki takast á hendur (aðgerðalína 3),
- með styrkjum sem nema 50–80% af kostnaði sem tengist upplýsinga- og samskiptaaðgerðum, þ.m.t. málstofur, heimsóknir, sameiginlegar skýrslur, jafningjaryrni og svipaðar aðgerðir við miðlun og samnýtingu upplýsinga (allar aðgerðalínur).

Framkvæmdaraðferðirnar, sem kveðið er á um í tillögunni, svara í meginatriðum til hinnar hefðbundnu stefnu Bandalagsins um styrkveitingu og sameiginlega fjármögnun á grundvelli ítarlegrar umsóknar um styrk. Bandalagið fjármagnar einnig að fullu hluta af aðgerðum, eins og gerð stuðningsnets og hönnun aðalvefseturs fyrir aðgerð um skólasamstarf. Einnig verða veittir styrkir í kjölfar útboða og auglýsinga eftir tillögum.

Framkvæmdastjórnin mun stýra áætluninni og mun hún mögulega njóta aðstoðar framkvæmdastofnunar sem til stendur að koma á laggirnar í framtíðinni. Fjárveitingunni er ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknina, fundi sérfræðinga, upplýsingaöflun, ráðstefnur og útgáfu verka sem tengjast beint markmiði áætlunarinnar, ásamt öðrum kostnaði vegna aðstoðar sem varðar tækni og stjórnun en tengist ekki verkefnum opinberra aðila.